

Stykkishólmur, hér eftir nefnt Stykkishólmur kt. 620269-7709, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi og Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, hér eftir nefnt Blindrafélagið kt. 470169-2149, Hamrahlið 17, 105 Reykjavík gera með sér eftirfarandi:

## þjónustusamning

um að Blindrafélagið, taki að sér að reka ferðaþjónustu fyrir íbúa Stykkishólms sem eru skráðir lögblindir hjá þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur vegna fötlunar sinnar.<sup>1</sup>

### 1. gr. Grundvöllur og hlutverkaskipan

Samningur þessi fjallar um ferðaþjónustu við blinda íbúa Stykkishólms. Samningurinn byggir á 1. gr. og 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks með síðari breytingum, 20. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs folks, leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu við fatlað fólk gefnum út af velferðarráðuneytinu.

Stykkishólmur tekur að sér að niðurgreiða ferðakostnað einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu sem eru greindir blindir, eru með lögheimili í Stykkishólmi og ófærir um að nýta sér almenningssamgöngur vegna fötlunar sinnar, í samræmi við ákvæði þessa samnings.

Í samræmi við ákvæði samnings þessa tekur Blindrafélagið að sér að veita ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu til einstaklinga með lögheimili í Stykkishólmi sem eru blindir og geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur vegna fötlunar sinnar. Tilgangurinn er að gera þeim kleift að sinna á sjálfstæðan máta erindum sínum á höfuðborgarsvæðinu.

Til ferðaþjónustu samkvæmt samningi þessum notar Blindrafélagið leigubifreiðar frá bifreiðastöðvum, sem best kjör bjóða hverju sinni.

Leigubifreiðarnar skulu uppfylla þær kröfur sem fram koma í gildandi lögum og reglugerðum hvað varðar farþegaflutninga og/eða leigubifreiðaakstur.

Blindrafélagið skal setja skilyrði um að þeir ökumenn sem annast akstur á grundvelli samnings þessa hafi ekki hlotið refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII., XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum. Hafi ökumaður gerst sekur um brot á ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og/eða umferðarlögum nr. 50/1987, með síðari breytingum, skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna starfi ökumanns.

<sup>1</sup> Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga notar skilgreiningu um lögblindu sem byggir á viðmiðum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar (WHO) um sjónskerðingu og blindu. Miðað er við að sjónskerpa mælist verri en 6/60 með bestu gleraugum og sjónsvið innan við 20 gráður. Í áratugi hefur það verið vinnuregla á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum og í Norður-Ameríku að notast við þær reglur sem Alþjóða heilbrigðisstofnunin gefur út.

